

um viðauka við raforkulög, nr. 12 2. apríl 1946.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

- Á árunum 1954—1963 skal verja 250 milljón krónum að minnsta kosti til:
1. að koma upp raforkuverum rafmagnsveitna ríkisins utan orkuveitusvæðis Sogs- og Laxárvirkjananna;
 2. að gera aðalorkuveitur og dreifiveitur rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins fyrir kaupstaði, kauptún og sveitir víðs vegar um landið;
 3. að veita bændum lán til að koma upp smárafstöðvum, vatnsafls- og mótörstöðvum;
 4. til virkjunarrannsókna og undirbúnings rafveitna, og
 5. að lækka raforkuverð, þar sem það er hæst.

2. gr.

Raforkumálastjóri og raforkuráð gera á árinu 1954 áætlun, sem ráðherra staðfestir, um raforkuframkvæmdir á árunum 1954—1963, samkvæmt þessum lögum. Skal áætlunin við það miðuð, að varið verði til framkvæmdanna — auk framlags úr hlutaðeigandi héruðum — eftirtöldum upphæðum a. m. k.:

| | |
|--------------------|-----------------------|
| Árin 1954—56 | 35 millj. kr. árlega. |
| — 1957—59 | 25 — — — |
| — 1960—61 | 20 — — — |
| — 1962—63 | 15 — — — |

3. gr.

Til þeirra framkvæmda, er um ræðir í 1. og 2. gr., skal fjár aflað á þann hátt er hér segir:

- a. með fjárframlögum úr rikissjóði til raforkusjóðs samkvæmt c-lið 33. gr. raforkulaganna, eigi undir 5 milljónum króna á ári hverju;
- b. með framlögum úr rikissjóði til héraðsrafmagnsveitna ríkisins samkvæmt b-lið 26. gr. raforkulaganna, eigi undir 6 milljónum króna ár hvert;
- c. með notkun vaxtatekna raforkusjóðs;
- d. með notkun afborgana af útlánnum raforkusjóðs af eigin fé sjóðsins, og
- e. með lántökum handa raforkusjóði eða rafmagnsveitum ríkisins.

4. gr.

Lánveitingum raforkusjóðs til einkarafstöðva í sveitum skal hagað þannig, að tala þeirra býla, sem fá rafmagn frá einkarafstöðvum, verði, ef eftirspurn eftir lánnum gefur tilefni til, hlutfallslega sem jöfnust tölu þeirra býla, sem fá rafmagn frá samveitum, sbr. 7. gr. Stjórn raforkumála ákveður hlutfallið með hliðsjón af athugunum, sem gerðar eru um raforkuvinnslu fyrir sveitabýli.

5. gr.

Heimilt er að verja allt að 500 þús. kr. að fengnum tillögum raforkumálastjóra og raforkuráðs af ríkisframlagi samkv. b-lið 3. gr. til að lækka verð raforku til almenningsnota frá dísilstöðvum, þar sem það er hæst. Skulu þeir raforku-notendur sitja fyrir framlögum í þessu skyni, sem lengst þurfa að bíða eftir raforkuframkvæmdum samkvæmt þessum lögum.

6. gr.

Ráðherra skal, að fengnum tillögum raforkuráðs, fela raforkumálastjóra að annast leiðbeiningar um tilhögun og rekstur vatnsafls-, vindaflls- og dísilrafstöðva fyrir sveitahéimili utan þess svæðis, sem héraðsrafmagnsveitum er ætlað að ná til í náinni framtíð. Leiðbeiningar um val á stöðvum skulu miða að því m. a. að tryggja útvegum varahluta og að viðgerðir verði auðveldar.

7. gr.

Stuðla skal að því, að öllum atriðum 1. gr. verði fullnægt samtímis, eftir því sem við verður komið og hagkvæmt getur talizt.

8. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga setur ráðherra í reglugerð.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í samningi þeim, er gerður var milli stjórnarflokkanna, þegar sú ríkisstjórn var mynduð, er nú situr, er ákvæði um raforkumál, svo hljóðandi:

„Hraðað verði byggingu orkuvera, dreifingu raforku og fjölgun smástöðva (einkastöðva) vegna byggðarlaga í sveit og við sjó, sem ekki hafa rafmagn eða búa við ófullnægjandi raforku, og unnið að lækkun raforkuverðs, þar sem það er hæst. Tryggt verði til þessara framkvæmda fjármagn, sem svarar 25 millj. króna á ári að meðaltali næstu ár. Í þessu skyni verði lögboðin árleg framlög af ríkisé aukin um 5—7 millj. kr. og rafmagnsveitum ríkisins og raforkusjóði tryggðar 100 milljón krónur að láni, og sitji það fyrir öðrum lánsútvegum af hendi ríkisstjórnarinnar, að undanteknu láni til sementsverksmiðjunnar. Auk þessa séu gerðar ráðstafanir til að hraða áframhaldandi virkjun Sogsins.“

Með þessu frumvarpi er leitað staðfestingar Alþingis á því, sem um var samið.

Um 1. gr. og 2. gr.

Á undanförunum árum hefur verið varið þeim upphæðum, er nú skal greina, til þeirra framkvæmda, sem um ræðir í 1.—4. lið 1. gr. frumvarpsins:

| Ár | Rafm.veitur rik. árl. stofnkostn. viðbót kr. | Héraðsrafm.v. rik. árl. stofnkostn. viðbót kr. | Lán veitt bændum kr. | Til virkj. rannsóknna kr. | Samtals kr. |
|------------|--|--|----------------------------|---------------------------------|----------------|
| 1946 | 2 521 964.93 | 463 920.64 | „ | 300 000.00 | 3 285 885.57 |
| 1947 | 2 680 029.69 | 417 686.61 | „ | 300 000.00 | 3 397 716.30 |
| 1948 | 4 015 259.96 | 3 236 204.85 | 25 000.00 | 589 324.30 | 7 865 789.11 |
| 1949 | 1 762 774.76 | 5 691 051.28 | 123 000.00 | 349 623.48 | 7 926 449.52 |
| 1950 | 1 345 439.37 | 4 299 478.99 | 291 300.00 | 429 094.35 | 6 265 312.71 |
| 1951 | 938 938.13 | 5 271 906.59 | 343 800.00 | 437 959.52 | 6 992 604.24 |
| 1952 | 5 380 052.11 | 5 765 172.89 | 604 900.00 | 492 196.21 | 12 242 321.21 |
| 1953 | 7 845 209.97 | 4 769 337.86 | 563 500.00 | 518 776.77 | 13 696 824.60 |
| Samtals .. | 26 489 668.92 | 29 914 759.71 | 1 951 500.00 | 3 416 974.63 | 61 772 903.26 |

Um 3. gr.

Fjárframlög úr ríkissjóði til raforkusjóðs samkvæmt 3. gr. raforkulaganna hafa verið 2 milljónir króna á ári síðan 1946, er raforkulögin voru samþykkt, en samkvæmt þessari grein frumvarpsins yrði hið lögbundna framlag hækkað upp í 5 milljónir króna á ári. Hafa nú þegar verið ákveðnar 5 millj. kr. fyrir árið 1954 á fjárlögum þessa árs.

Fjárframlög úr ríkissjóði til héraðsrafmagnsveitna ríkisins samkvæmt 26. grein raforkulaganna hafa verið þessi:

| | |
|---------|-------------------|
| 1946 | kr. 1 800 000.00 |
| 1947 | — 1 000 000.00 |
| 1948 | — 2 000 000.00 |
| 1949 | — 2 000 000.00 |
| 1950 | — 1 000 000.00 |
| 1951 | — 1 000 000.00 |
| 1952 | — 1 860 000.00 |
| 1953 | — 1 860 000.00 |
| Samtals | kr. 12 520 000.00 |

Hér er gert ráð fyrir að lögbinda hina árlegu upphæð og hækka upp í 6 millj. kr., og í fjárlögum þessa árs er hún 6 millj. kr.

Framlög úr héraði eða hin svonefndu heimtaugagjöld hafa verið:

| | | |
|------|-------|----------------|
| 1948 | | kr. 518 505.31 |
| 1949 | | — 452 673.89 |
| 1950 | | — 1 042 942.96 |
| 1951 | | — 1 327 891.57 |
| 1952 | | — 679 673.00 |
| 1953 | | — 385 132.00 |

Samtals kr. 4 406 818.73

Vaxtatekjur raforkusjóðs eru nú um það bil $1\frac{1}{2}$ milljón króna á ári.

Afborganir af þeim útlánnum raforkusjóðs, sem veitt eru af eigin fé sjóðsins, eru nú rúmlega 1 milljón króna á ári.

Lántökur handa raforkusjóði með heimild í fjárlögum (22. gr.) hafa verið sem hér segir:

| | | |
|------|-------|------------------|
| 1950 | | kr. 1 500 000.00 |
| 1952 | | — 2 400 000.00 |
| 1953 | | — 4 600 000.00 |

Af lánunum á árinu 1953 eru þó 3 000 000.00 kr. aðeins bráðabirgðalán, til eins og tveggja ára. Önnur lán hafa ekki fengizt að teljandi sé. Á efnahagsreikningi rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins árið 1953 eru skuldir við aðra lánardrottna en raforkusjóð aðeins kr. 2 587 270.37.

Í frumvarpi þessu eru ekki sérstök ákvæði til tryggingar á útvegum lánsfjár samkv. e-lið þessarar greinar, en milli ríkisstjórnarinnar og bankanna hefur þegar orðið samkomulag um lánsfjárframlög, sem tryggja framgang þessara raforkuframkvæmda, og mun það nánar skýrt í framsögu.

Um 4. gr.

Greinin þarf varla skýringar við.

Um 5. gr.

Svo sem kunnugt er hafa mörg kaupstúrn og sumir kaupstaðir rafmagn frá dísilstöðvum eða eru í þann veginn að koma upp slíkum stöðvum. En raforka frá dísilstöðvum er dýr, og er hætt við, að þeim, sem lengi þurfa að bíða eftir orku frá vatnsvirkjunum, þyki biðin löng, nema eitthvað sé gert til að bæta aðstöðu þeirra. Því er hér lagt til, að nokkurri fjárupphæð af framlagi samkv. 3. gr. verði varið til að lækka raforkuverð á þeim stöðum, sem ætla má, að lengst þurfi að notast við dísilorkuna. Helzt er þá gert ráð fyrir, að verðlækkunin yrði framkvæmd með niðurgreiðslu beint til notenda einu sinni á ári. Verðlækkun dísilorkunnar kæmi þá ekki til greina í þeim kaupstöðum eða kaupstúrnunum, sem samkv. áætlun fengju orku frá vatnsvirkjun á næstu árum.

Um 6. gr.

Verulegur hluti allra býla á landinu verður að vinna raforku í einkarafstöðvum, vegna þess að of kostnaðarsamt er að leggja til þeirra raflínur frá samveitum. Hvort heldur er um vatnsaflsstöðvar, dísilstöðvar eða vindrafstöðvar að ræða, er bændum á þessum býlum mikil þörf á því að eiga kost á leiðbeiningum um tilhögun stöðvanna, val á vélum og meðferð þeirra. Nú hefur raforkumálastjóri að visu veitt bændum leiðbeiningar og gert áætlanir um vatnsaflsstöðvar til sveita og hefur verið veitt fé á fjárlögum í þessu skyni, en tilgangurinn með ákvæðum þessarar greinar

er að festa og auka þá leiðbeiningarstarfsemi, og er ætlazt til, að hún taki einnig til dísil- og vindrafstöðva og til rekstrar stöðvanna. Ástæða þykir til að taka sérstaklega fram, að miða skuli leiðbeiningar um val dísilstöðva m. a. við það að auðvelda útvegum varahluta til þeirra og viðgerðir. Það er augljóst mál, að æskilegt er að tegundir véla í dísilrafstöðvar séu í þessu skyni hafðar sem fæstar, en þó þykir ekki rétt að binda með lögum hendur manna um kaup dísilrafstöðva.

Um 7. gr.

Greinin þarf ekki skýringar við.

Um 8. gr.

Óhjákvæmilegt er, að ýmis framkvæmdaratriði verði nánar ákveðin í reglugerð, að undangenginni rannsókn og að fenginni reynslu, sbr. t. d. 5. og 6. gr.

Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir, að raforkuframkvæmdir samkvæmt lögunum hefjist þegar á þessu ári, og er því nauðsynlegt, að lögin taki gildi sem fyrst.